

## AUGLÝSING

### um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi, tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi krónunnar sem skráð var hér á landi í bönkum að morgni hinn 29. maí 1981 skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutnings-skjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollyfirvaldi fyrir ofangreind tímamörk.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 29. maí 1981.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Björn Hafsteinsson.*